

2. Fyrir fiskibáta og skip sem gerð eru út frá Ólafsfirði skal greiða sem hér segir:
 - Fyrir báta 12 tonn og minni kr. 180,00 á ári.
 - Fyrir báta frá 12 tonnum og allt að 100 tonnum kr. 400,00 á ári.
 - Fyrir skip stærri en 100 tonn kr. 180,00 á ári.
 - Gjalddagi er 1. júlí ár hvert.
3. Af þvottaplönnum greiðist kr. 1 000,00 á ári. Gjalddagi er 1. júlí ár hvert.
4. Fyrir önnur vatnsafnot greiðist skv. ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni. Gjöld skv. grein þessari breytast í samræmi við breytingar á fasteignamati.

4. gr.

16. gr. hljóði svo:

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 2 000,00 nema þyngri refsing liggji við skv. lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni skal bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Ólafsfirði
nr. 221/1972.

5. gr. hljóði svo:

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist af bæjarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi, við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0,15% af fasteignamatsverði húss og lóðar, eins og það er hverju sinni.

Lágmark og hámark holræsagjalds skal þó miða við eftirtalinn gjaldstuðul á rúmmetra húss að viðbættum 0,15% af fasteignamati lóðar þeirra:

	Lágmarks- gjaldstuðull kr./m ³	Hámarks- gjaldstuðull kr./m ³
Vörugeymslur og annað húsnæði ótilgreint	0,75	1,00
Íbúðarhúsnæði og bílskurar	1,00	1,25
Iðnaðarhúsnæði	1,10	1,35
Verslunar- og skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði	1,35	1,60

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 120.00.

Gjalddagar skulu vera hinir sömu og gjalddagar fasteignaskatts.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsar verslanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

1. gr.

Starfræktar skulu, á vegum ríkisins, sölubúðir á Keflavíkurflugvelli er selja tollfrjálsar vörur farþegum og áhöfnum millilandaflugvéla. Nafn sölubúðanna skal vera: Frihöfnin, Keflavíkurflugvelli.

Í Frihöfninni má selja hvers konar varning, eins og tíðkast í frihöfnum erlendis.

Í sölubúð þeirri, sem ælluð er farþegum og áhöfnum, sem eru að koma til landsins, skal þó aðeins heimilt að selja eftirtalinn varning, svo sem tíðkast hefur, og innan eðlilegra takmarka, að mati tollgæslunnar:

Áfengi, tóbak, sælgæti, ilmvötn, snyrtivörur og filmur. Utanríkisráðherra getur heimilað fleiri tegundir varnings, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Frihöfninni skal stjórnað af forstjóra, sem skipaður er af utanríkisráðherra. Ber hann ábyrgð á rekstri hennar samkvæmt erindisbréfi, sem utanríkisráðherra setur honum. Störf hans heyra beint undir utanríkisráðuneytið. Annað starfslið, sem nauðsynlega þarf við daglegan rekstur frihafnarinnar, skal ráðið af forstjóra með samþykki ráðuneytis.

3. gr.

Að því er varðar farþega og áhafnir, sem eru að fara af landi brott, skal tollgæslan á Keflavíkurflugvelli sjá um og bera ábyrgð á, að gætt sé nauðsynlegra varúðarráðstafana um meðferð seldrar vöru, uns komið er um borð í flugvél þá, sem er á förum.

Þá skal þess og gætt, að farþegar og áhafnir, er versla við komu til landsins, færi varning sinn beint til tollgæslumanns. Áhöfnum er óheimilt að kaupa tóbak eða áfengi í brottfararverslun.

4. gr.

Frihöfnin fær, uns annað kann að verða ákvæðið, til umráða í flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli, húsnæði fyrir skrifstofur og sölubúðir ásamt birgðageymslum, eftir því sem mögulegt er og reksturinn krefst á hverjum tíma, svo og birgðaskemmur innan flugvallarsvæðisins, eftir því sem þörf krefur.